

Ed. 160. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Aftan við 3. málsg. 9. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðanda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi togara og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Komið hafa í ljós annmarkar á ákvæðum laga um innheimtu iðgjalda til lífeyrissjóðs togarasjómanna.

Nokkur togarafélög hafa eigi staðið skil á iðgjöldum, og hefur orðið að innheimta iðgjöldin með lögsókn. Hafa tveir togarar verið auglýstir til uppboðs vegna vanskila við ýmsa kröfuhafa, þ. á m. lífeyrissjóð togarasjómanna. Mun mjög tvísýnt, hvort sjóðurinn nær kröfum sínum, því að skuldir munu allmiklu meiri en eignin. Lífeyrissjóðurinn hefur ekki tök á því að fyrirbyggja skuldasöfnun, þar sem tryggingin er lögboðin, og þykir því eðlilegt, að hann fái lögveð í hlutaðeigandi skipi.